

**\* Tollflokkun**

**Úrskurður nr. 8/2009**

**Kærð er niðurstaða Tollstjórans sem birt var í Bindandi álitum um tollflokkun vöru. Deilt er um flokkun á efni í vatnskassa. Ríkistollanefnd staðfesti tollflokkun tollstjóra.**

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags 14. desember 2009, kærir A, ákörðun tollstjóra sem birt var í Bindandi álitum um tollflokkun vöru, dags 7. október 2009 um tollflokkun á elementum í vatnskassa (core). Um er að ræða efnivöru til smíða á vatnskössum við vélar. Tollstjóri tollflokkað vöruna í tnr. 8708.9100. Kærandi krefst þess að ákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi og varan flokkuð í tnr.8431.4900.

Tollstjóri flokkað vöruna sem er element í vatnskassa í tnr. 8708.9100. Um er að ræða efnivöru í vatnskassa, nánar tilgreint þann hluta sem vatnið leikur um til að það geti kólnað. Í hinu kærða álitum tollstjóra um tollflokkun vöru nr. 090046 segir: Tollflokkun er byggð á túlkunarreglum 1. og 6 við tollskrá. Sjá einnig almenna aths. við 8431. sem segir að undir þá skiptingu fari einungis hlutir sem eingöngu og aðallega eru norrhæfir í vélar í tnr. 8425-8430 (Skýringarbók Tollasamvinnuráðsins). Sjá einnig aths. b) við tnr. 8431 sem segir að hlutir sem séu sams konar og notaðir eru í ökutæki skuli flokkað í tnr. 8708 ( skýringarbók). Einnig kemur fram í gögnum framleiðanda að hann flokkað vöruna í tnr. 8707.

Kærandi krefst þess að vara þessi verði flokkuð í tnr. 8431.4900. Í gögnum sem hann lagði fyrir nefndina kemur fram að um er að ræða efnivöru í vatnskassa. Þann hluta sem vatnið leikur um til að það kólni. Efnivara þessi sé mjög breytileg allt eftir því hvar nota eigi vöruna. Hún sé oftast sérþöntuð eftir máli í viðkomandi tæki. Kærandi krefst þess að varan verði flokkuð í tnr. 8431.4900.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með búi þann 14. desember 2009. Var veittur frestur til 4. janúar 2010 til að skila inn greinargerð um málið til nefndarinnar. Tollstjóri óskaði eftir fresti til 20 janúar til að skila inn greinargerð og var fallist á þá beiðni. Greinargerð embættisins barst nefndinni þann 9. febrúar þar segir m.a. að ágreiningur í máli þessu snúist um tollflokkun á vörunni „element“ í vatnskassa. Í hinu Bindandi álitum tollstjóra um flokkun vörunnar er varan tollflokkuð í tnr. 8708.9100. Kærandi gerir þá kröfu að hið kærða Bindandi álit um tollflokkun á vörunni „element“ í vatnskassa verði ógilt og að varan verði tollflokkuð í tnr. 8431.4900.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að varðandi röksemdir kæranda þá vísist til umsóknar hans þegar hann óskaði eftir hinu Bindandi álitu um tollflokkun vörunnar, þar sem ekki komi fram frekari rökstuðningur í kæru til ríkitollanefndar. Í umsókn hans um Bindandi álit komi fram að varan sé svonefnd „element“ (core) í vatnskassa. Umgjörð af vatnskassa sé endurnotuð en nýtt „element“ er sett inn í hana. Um sé að ræða þann hluta kassans sem vatnið leikur um til að það kólni. Þessi „element“ séu af mismunandi stærðum og gerðum. Þá segir í umsókninni að enginn framleiðandi hafi tæmandi upplýsingar um „element“ í vinnuvélar, þess vegna séu þessi „element“ sérpöntuð eftir máli. Hins vegar séu framleiddir vatnskassar í einstaka gerðir bifreiða þrátt fyrir að einnig sé hægt að panta eftir máli.

Síðan segri í greinargerð tollstjóra að varahlutir almennt í ökutæki flokkast í vörulið 8708 og þar eru vatnskassar nefndir í tnr. 8708.9100. Kærandi krefst þess hins vegar að umrædd vara sé flokkuð í tollskrárnúmer 8431.4900.

Í skýringum Alþjóðatollastofnunarinnar við vörulið 8431 (b liður á bls. XVI-8431-1), þar sem flokkast varahlutir í ýmsar vinnuvélar segir: „It should also be noted that many parts do not fall in this heading since they are:

... (b) Parts identical to those for motor vehicles and not suitable for use solely or principally with the machinery of headings 84.25 to 84.30, and therefor classified as parts of motor vehicles (heading 87.08);

Í þessu felst að varahlutir sem ekki eru eingöngu eða aðallega fyrir tæki í 84.25 til 84.30, þ.e. ýmsar vinnuvélar, skuli flokkast sem hluti af ökutækjum en ekki í vörulið 8431. Í túlkunarreglu 2.a. kemur fram að þegar talað er um tiltekna vörur í vörulið tekur það einnig til ófullgerðra vara eða vöru sem eitthvað vantar á. Að mati embættisins á þessi regla við um umrædda vöru. Því tollflokkast hún í tollskrárnúmer 8708.9100 þrátt fyrir að vera ófullgerð.

Með hliðsjón af ofanrituðu krefst tollstjóri þess að Bindandi álit nr. 090046 um tollflokkun á „elementum“ í vatnskassa í tnr. 8708.9100 verði staðfest.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi dags. 11. febrúar 2010. Í svari sem barst nefndinni þann 1. mars s.á segir m.a. að í bæklingum um vöruna komi fram í hvaða gerð tækis elementíð sé ætlað. Þar komi fram í hvaða tæki elementíð er ætlað í, s.s. jarðýtur, veghefla, jarðbora, rafstöðvar, gröfur, krana, grjótmulningstæki og þá ökutæki. Kærandi segir það miður ef starfsmenn tollstjóra sjá ekki mun á vatnskassa í ökutæki og vatnskassa í vinnuvélar svo sem þær sem hér eru nefndar að ofan (olíukæli, intercooler loftkælir). Kærandi segir að með þeirri flokkun sem tollstjóri leggi til sé verið að þvinga hann til lögbrota.

Ríkitollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Deilt er um tollflokkun á vöru sem er efnivara til smíða á vatnskössum sem notaðir eru til kælingar á brunahreyflum. Vara þessi er svonefnd „element“ (core) sem er samsett úr málmörum eða þynnum, sem á eru fest málmþynnur til kælingar. Á þessi element er síðan fest undir/yfirstykki (hliðarstykki) sem tengjast vélinni

gjarnan með gúmmíhosum svo kælívökvinn komist að og frá vélinni til kælingar og einnig til áfyllingar kælívökva.

Tollstjóri flokkar vöru þessa í tnr. 8708.9100 með vísan til Skýringarbóka Alþjóðatollasamvinnuráðsins b) liðs aths. við vörulið 8431. Þar segir í lauslegri þýðingu, að hlutir sem ekki séu eingöngu eða aðallega ætlaðir fyrir tæki í 84.25 til 84.30, þ.e. ýmsar vinnuvélar, skuli flokkast sem hluti af ökutækjum en ekki í vörulið 8431. Kærandi krefst þess að varan verði flokkuð í tnr. 8431.4900.

Nefndarmaður fór og skoðaði vöruna hjá kæranda. Um er að ræða kjarna (element) til framleiðslu/ viðgerða á vatnskössum til véla. Vara þessi hefur í öllum meginatriðum sömu virkni til loftkælingar á kælívökva mismunandi brunahreyfla. Kælivatn streymir um vatnsrásir sem eru kældar með loftflæði að utanverðu, yfirborð þeirra er aukið með málmþynnum. Í öllum meginatriðum hefur vara þessi sömu virkni og eignleika óháð því hvaða vél eða tæki henni er ætlað að kæla. Því er ljóst að sams konar vatnskassi getur verið í ökutæki í tnr. 8703- 8707 og vélum í tnr. 8425- 8430 þótt frágangur og útfærsla þeirra taki mið af því tæki sem vatnskassinn er ætlaður til.

Að mati ríkistollanefndar er vöru þessari nánast lýst í tnr. 8708.9100 með vísan til 1 og 6 greinum í almennum reglum um túlkun tollskrár. Hið kærða álit tollstjórans í Reykjavík nr. 090046 dags. 7. október 2009 er staðfest.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6, staðfestir ríkistollanefnd tollflokkan á elementu ætlað í vatnskassa sem birt var í Bindandi álitu um tollflokkan vöru nr. 090046 dags. 7. október 2009. Vöruna ber að tollflokka í tnr. 8708.9100.